

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

3. ágúst 2016

Til verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar

Efni: Umsögn um Búlandsvirkjun í Skaftá, Hólmsárvirkjun án miðlunar og Hólmsárvirkjun við Atley.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi fagna heilshugar tillögu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um að setja Búlandsvirkjun í Skaftá í verndarflokk. Samtökin leggja mikla áherslu á friðlýsingu á öllu vatnasviði Skaftár. Síðasta stórhlaup í Skaftá 2015 er skýr vísbending um að stórbrotin og eldvirk náttúra Skaftárhrepps fer sínu fram þegar minnst varir og hana ber því að virða og vernda gegn öllum virkjanaframkvæmdum.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja áherslu á að vatnasvið Hólmsár og virkjanatillögur í biðflokki sem þar eru falli í verndarflokk og vatnasvið Hólmsár frá upptökum verði friðlýst. Vakin er athygli á að Hólmsá er í raun hluti af vatnasviði Skaftár þar sem hluti af Skaftá (Ása-Eldvatn) sameinast Hólmsá og Tungufljóti í Flögulóni og fellur til sjávar í Kúðafljóti.

Hólmsá á upptök sín í Torfajökli, sem er á yfirlitsskrá Íslands með tilnefningu til heimsminjaskrár UNESCO í huga. Hólmsá sækir einnig vatn frá lindum við austurjaðar Mælifellssands og frá Brytalækjum. Í Hólmsá falla líka lækir og ár frá öðrum lindasvæðum og einnig jökulvatn frá Mýrdalsjökli. Allt nánasta umhverfi Hólmsár ber merki um miklar náttúruhamfarir. Um svæðið hafa fyrr á tímum farið hamfaraflóð frá Kötlu í Mýrdalsjökli og jarðsögu Kötlu má lesa um allan Álftaversafréttinn. Hraunflóð frá Eldgjárgosinu mikla um 934 og frá fyrri eldsumbrotum hafa einnig runnið um svæðið þar sem nú er farvegur Hólmsár. Skaftártungan er jarðfræðilega mjög merkilegt svæði, sem hefur myndast við gos undir jökli og er myndun þess, Skaftártungumyndun – stærsta þekkt gosmyndun sinnar tegundar á Íslandi, jafnvel talin einstök á heimsvísu.

Samtökin Eldvötn minna á að ferðaþjónusta og landbúnaður eru aðal atvinnugreinar í Skaftárhreppi. Í þeim atvinnugreinum felast miklir möguleikar og mörg sóknarfæri sem byggja á stórbrotinni og ósnortinni náttúru svæðisins. Friðland að Fjallabaki liggur að Skaftárhreppi og áform eru um hjá viðkomandi sveitarfélögum sem liggja að Torfajökulssvæðinu að stækka friðlandið og jafnvel að gera svæðið að þjóðgarði. Vatnasvið Hólmsár er í því samhengi eðlilegur hluti af stækkuðu friðlandi/þjóðgarði sem að hluta mun liggja innan Skaftárhrepps og verða með Torfajökulseldstöðina í öndvegi.

Verndun svæðisins er því mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustu og útivist og aðra sjálfbæra nýtingu náttúrunnar á svæðinu. Fjallvegurinn Öldufellsleið, af mörgum talin ein fallagasta fjallaökuleið landsins, liggur um svæðið vestan Hólmsár og tengist bæði syðri og nyrðri Fjallabaksleiðum.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja af ofangreindum sökum þunga áherslu á að virkjanatillögur þær sem nú eru í biðflokki í Hólmsá verði færðar í verndarflokk og allt vatnasvið Hólmsár frá upptökum verði friðlýst gegn virkjunum.

Fh. stjórnar Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi
Ólafía Jakobsdóttir varaformaður